



Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð nr. 467/2915

Arna Guðmundsdóttir, læknir,
Kennslustjóri sérnáms í lyflækningum,
Landspítala,
101 Reykjavík.

Reykjavík 28.4.2021

Varðandi: Viðurkenning á marklýsingu og kennslustöðum vegna fulls sérnáms í almennri lyflækniþæði á Landspítala háskólasjúkrahúsi (LSH) og Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK).

Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð nr. 467/2015 barst þann 5.8. 2020 til umsagnar ný marklýsing fyrir fullt 5 (fimm) ára sérnám í almennri lyflækniþæði sem kemur í stað fyrri marklýsingar fyrir kjarnasérnám í lyflækningum sem samþykkt var 25.11. 2016 og var endurnýjuð m.t.t. þriggja ára kjarnasérnáms þann 27.8.2019. Bréf með athugasemdum frá nefndinni var sent 18.11. 2020 og svar f.h. sérnámsins var dagsett 14.12.2020. Endurbætt marklýsing barst 8.3.2021. Mats- og hæfisnefnd hafði áður fengið umsagnir um marklýsinguna frá umsagnaraðilum sem tilgreindir eru í 15. gr. reglugerðarinnar, og nefndarmenn hafa einnig yfirfarið hana.

Með tilvísan í 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, svo og starfsreglna nefndarinnar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. júní 2016, vill mats- og hæfisnefnd skv. 15. gr. reglugerðarinnar tilkynna að á fundi nefndarinnar þann 26.4.2021 var ákveðið að samþykkja ofangreinda marklýsingu að fullu. Sérnámið hér á landi, þ.e.a.s. á Landspítala háskólasjúkrahúsi og að hluta á Sjúkrahúsinu á Akureyri, er sett upp í samvinnu við Royal College of Physicians (RCP) í Bretlandi og hefur áður verið metið og viðurkennt af þeim samtökum.

Mats- og hæfisnefndin skal ennfremur samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deilda heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir slíkt sérfræðináms. Haft verður samband við forsvarsmenn námsins vegna nauðsynlegrar úttektarheimsóknar í því skyni á Landspítalanum. Í byrjun mars 2021 heimsótti formaður mats- og hæfisnefndar Sjúkrahúsið á Akureyri og kynnti sér sérnámsmöguleika í lyflækningum þar. Fyrri úttektir hafa verið gerðar af fulltrúum RCP. Mats- og hæfisnefndin hefur fylgst með því ferli og fyrir sitt leyti samþykkt viðurkenningarskýrslur RCP. Nefndin mun fylgjast með framvindu varðandi nýja úttekt af hálfu


RCP á fullu fimm ára sérnámi. Mats- og hæfisnefnd áréttar að fyrri viðurkenning nefndarinnar vegna sérnáms í lyflækningum/lyflæknisfræði á Landspítala háskólasjúkrahúsi sem kennslustað er í gildi áfram og sama á við um sérnámshluta á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Viðmið nefndarinnar vegna matsins byggja með tilvísan í starfsreglur hennar á lýsingu á námsaðstæðum, þ.m.t. mönnun, umfangi og inntaki starfseminnar á lyflækningasviði Landspítalans, vinnufyrirkomulagi, faglegum fundum, kennslu, námstækifærum og faglegri leiðsögn námslækna, og skyldum atriðum.

Sérnámið er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Viðurkenningin tekur ekki til náms í undirsérgreinum lyflækninga.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal með tilvísan í reglugerðina, birta á heimasíðu Embættis Landlæknis.

Virðingarfyllt, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Reynir T. Geirsson'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'R'.

Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015.

Afrit:

Embætti landlæknis, bt. Anna Björg Aradóttir

Heilbrigðisráðuneytið, bt. Guðrún W. Jensdóttir, lögfræðingur

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala háskólasjúkrahúsi

Hrund Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, menntadeild LSH

Hlíf Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss

Arna Guðmundsdóttir, kennslustjóri sviðsstjóri lyflækningasviðs Landspítala háskólasjúkrahúss

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga, Sjúkrahúsinu á Akureyri

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir forstöðumaður, mennta- og vísindadeild SAK

Guðjón Kristjánsson, kennslustjóri, lyflækningadeild SAK

Engilbert Sigurðsson, deildarforseti, Læknadeild Háskóla Íslands

Reynir Arngrímsson, formaður, Læknafélagi Íslands